

Ed. 598. Frumvarp til laga [291. mál]

um breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Við 11. gr. bætist ný málsgrein er verði 7. málsgrein og orðist svo:

Hver sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur, skal eiga rétt til töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri, enda sé að öðru leyti fullnægt skilyrðum þessarar greinar. Starfsár sjómanna skal í þessu sambandi miðast við að sjómaður hafi verið lögskráður á íslenskt skip eigi færri en 180 daga að meðaltali í 25 ár.

2. gr.

Ný 2. mgr. 12. gr. orðist svo:

Heimilt er Tryggingastofnuninni að veita örorkustyrk þeim, sem skortir að minnsta kosti helming starfsorku sinnar og uppfyllir skilyrði 1. mgr. að öðru leyti en því, er örorkustig varðar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62ja ára aldri, skal njóta örorkustyrks, sem jafnan svarar til fulls örorkulífeyris. Örorkustyrk má ennfremur veita þeim, sem stundar fullt starf, en verður fyrir verulegum aukakostnaði sökum örorku sinnar, og heimilt er að greiða slíkan styrk vegna bæklunar eða vanþroska barns innan 16 ára aldurs, ef hún hefur í för með sér tilfinnanleg útgjöld eða mikla umönnun. Tryggingaráð setur reglur um örorkustyrki, og skulu þær staðfestar af ráðherra.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við afgreiðslu kjarasamninga í október 1980.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um. 1. gr.

Hér er lögð til sú breyting við 11. gr. laga um almannatryggingar, að hafi maður stundað sjómennsku í 25 ár eða lengur, skuli hann eiga rétt til töku ellilífeyris frá og með 60 ára aldri.

Því verður ekki mótmælt að sjómenn leggja á sig mikið erfiði við störf sín. Sú krafa sjómannasamtakanna að sjómönnum verði tryggður réttur til töku lífeyris við lægri aldursmörk en almennt gildir í landinu, að uppfylltum skilyrðum um t. d. 25 ára starf, byggist þess vegna á þeirri viðurkenndu staðreynd, að sjómannastarfið er það erfitt og vinnutíminn svo langur, að engum manni er ætlandi að standast þær kröfur sem starfið gerir lengur en það. Eru þess aðeins örfá dæmi að sjómenn

á fiskiskipum nái 60 ára aldri í starfi. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að réttur til töku ellilífeyris miðist við 60 ára aldur sjómanns, en hins vegar er ekki gert ráð fyrir því að viðkomandi þurfi að vera starfandi sjómaður þegar hann nær þessum aldri.

Í flestum nágrannalanda okkar mun sérstaða sjómanna hafa verið viðurkennd að þessu leyti. Einnig skal á það bent að almennt er það talið talsverðum erfiðleikum bundið fyrir sjómenn að fá vinnu við hæfi í landi að lokinni sjómennsku.

Varðandi það, hvernig eigi að skilgreina starfstíma með tilliti til ævistarfs og lengdar starfsárs, virðist eina örugga leiðin vera sú, að styðjast við lögskráningar tíma hvers og eins. Vitað er hins vegar að lögskráningarbækur eru ófullkomin heimild um starfstíma sjómanna víða og á vissum tímum. Verulegar gloppur hafa fundist í lögskráningum sjómanna og lögskráningin sjálf er aðeins vitnisburður um þá daga sem verið er á sjó, en ekki vitnisburður um heildarstarfstíma sjómanns hjá útgerðarmanni. Starfstími milli veiðitímabíla, þegar skipi er lagt vegna viðhalds og viðgerða, svo og orlof og launaðar fjarvistir vegna slysa og veikinda, kemur því ekki fram við lögskráningu og til skamms tíma hafa ekki verið greidd iðgjöld í lífeyrissjóði af þeim tíma.

Í frumvarpi þessu er byggt á sömu reglum og gilda í lögum um lífeyrissjóð sjómanna nr. 49/1974, en þar er gert ráð fyrir því að starfsár sjómanns skuli miðast við eigi færri en 180 lögskráða daga á íslensku skipi. Þó er hér lagt til að lögskráningardagar skuli vera 180 að meðaltali yfir 25 ár. Það breytir hins vegar ekki því, að sjómennsku verða sjómenn að hafa stundað í 25 almanaksár.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að hafi örorkustyrkþegi náð 62ja ára aldri, skuli hann njóta svo riflegs styrks að svari jafnan fullum örorkulífeyri. Örorkustyrkþegar eru þeir, sem skortir a. m. k. helming starfsorku, en örorkulífeyrisþegar þeir sem skortir a. m. k. $\frac{3}{4}$ starfsorku. Bilið milli þessara tvenns konar bóta er því oft stutt þótt bótafjárhæðir séu allt aðrar. Örorkustyrkþegi, sem náð hefur 62ja ára aldri er þó í reynd oft ekkert betur settur en örorkulífeyrisþegi yngri að árum. Alltaf má þó deila um aldursmörk, þótt segja megi að 62ja ára aldur sé síst of lágur. Til þess að búa betur að örorkustyrkþegum er lagt til að þeir séu eins settir við ofangreind aldursmörk eins og örorkulífeyrisþegar.

Þá skal bent á að ákvæði almannatryggingalaga um örorkustyrki er heimildar-ákvæði fyrir Tryggingastofnunina, þótt í reynd sé því beitt eins og ákvæðum um örorkulífeyri, sem eru fortakslaus.

Að öðru leyti en hér greinir er greinin óbreytt.